



**EYDÍS KR. SVEIN-
BJARNARDÓTTIR**, forseti
heilbrigðisvísindasviðs
Háskólans á Akureyri

MARKMIÐIÐ AÐ KARLMENN VERÐI FJÓRÐUNGUR HJÚKRUNARFRÆÐINEMA



„**MARKMIÐIÐ** ER alveg augljóst. Það þarf að auka hlut karlmanna í hjúkrun en leiðirnar til þess eru ekki eins augljósar,“ segir Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir sem tók nýverið við embætti forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

„Það er ekki hvað síst þetta sem mig langar að breyta,“ segir Eydís en eitt af fyrstu verkefnum hennar er að setja fram nýja stefnu innan heilbrigðisvísindasviðs, stefnu sem gildir frá 2018 til ársins 2023. Eydís segir markmiðið vera að auka hlut karlmanna í hjúkrunarfræðinámi í 25%, en hlutfall þeirra hefur verið afar lágt undanfarin ár, allt frá engum til tveggja í hverjum árgangi. Þá er fyrirhugað að fjölga nemendum í 55 á vormisseri skólaársins 2016-2017 en til þessa hafa verið teknir inn 50 nemendur. Hún segir mikilvægt að ræða þá staðreynd að svo fáir karlmenn leggi fyrir sig hjúkrun og leita leiða til að auka hlut þeirra. Hvað hindrar karlmenn í að fara í hjúkrun? „Mér leikur forvitni á að vita af hverju þetta stafar. Þess vegna þurfum við að ræða málin og benda jafnframt á að hjúkrun býður upp á fjölmörg tækifæri til sérhæfingar,“ segir hún jafnframt.

„Þrátt fyrir að hjúkrunarfræðingur sé karlkynsorð er stéttin enn kvengerð. Við verðum að hlusta á okkur sjálf og hvernig orðræðan er.“

Strákar hjúkra

Fáir karlar í hjúkrun er ekki einangrað fyrirbæri. Íslenskt samfélag er framfarlega hvað jafnrétti varðar, en að mati Eydísar hefur jafnréttisbaráttan snúist fyrst og fremst um að auka hlut kvenna

á hinum ýmsum sviðum samfélagsins. Þannig hefur hlutur kvenna aukist undanfarin ár í hefðbundnum karlastörfum en hlutur karla í hefðbundnum kvennastörfum hefur lítið breyst. „Það skortir mótvægis- aðgerðir og það er mikilvægt að huga að því hvernig orðræðan er um hjúkrunarfræðinga. Þrátt fyrir að hjúkrunarfræðingur sé karlkynsorð er stéttin enn kvengerð. Við verðum að hlusta á okkur sjálf og hvernig orðræðan er,“ segir hún og bendir til að mynda á hlutverk kennara. Hver kennari þarf að huga að því hvernig hann setur fram sitt efni. Eydís er staðráðin í að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að auka hlut karlmanna í hjúkrunarnámi. „Ef við setjum okkur ekki markmið þá gerist ekki neitt.“ Kannski slagorðið verði „Strákar hjúkra“.

